

Mánudaginn 7. maí 1990.

Nr. 498/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Halldóri Einarssyni

(Örn Clausen hrl.).

Þjófnaður. Skilorð. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttar-dómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins, en ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 2. mars sl. Ákærvaldið krefst þess, að héraðs-dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæru og greiðslu sakarkostnaðar svo og ákvörðun refsingar ásamt óafplánuðum eftirstöðvum refsivistar samkvæmt eldra dómi, en einnig þess, að refsing verði þyngd og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst þess aðallega, að refsing hans verði milduð og refsivist höfð skilorðsbundin, ef dæmd verði. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði hefur viðurkennt verknað þann, sem honum er gefinn að sök og er í héraðsdómi réttilega talinn varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir galli á verknaðarlýs-ingu í ákæru ekki skipta máli, eins og játningu ákærða er háttað.

Samkvæmt rannsóknargögnum voru munir þeir, er ákærði hugðist slá eign sinni á, ýmist lítils eða einskis virði og varðveittir í geymsl-um í kjallara húss í miðborg Reykjavíkur, sem ákærði komst að inn um ólæstar dyr. Virðist tilviljun hafa ráðið nokkru um, að hann leiddist til verknaðarins. Taka ber tillit til þessa við ákvörðun refs-ingar, en hana hefði mátt ákveða með vísan til 256. gr. almennra hegningarlaga, ef ákærði hefði ekki áður gerst sekur um auðgunar-brot. Ekki er kunnugt um aðrar sakir á hendur honum, eftir að hann fékk reynslulausn frá refsivist 27. desember 1988.

Eins og í héraðsdómi segir, ber samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr.

almennra hegningarlaga að ákveða refsingu fyrir brot ákærða í einu lagi með ólokinni refsingu samkvæmt dómi Möldals tingsrátt í Svíþjóð 30. september 1987, er var 240 daga fangelsi, og með hliðsjón af henni. Telst refsingin hæfilega ákveðin, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, 9 mánaða fangelsi, eins og tiltekið var í héraðsdómi. Með vísan til þess, er fyrr greinir um verknað ákærða og hagi hans, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber og ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og laun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. maí 1989.

Ár 1989, föstudaginn 12. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 237/1989: Ákærvaldið gegn Halldóri Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 19. apríl sl., á hendur „Halldóri Einarssyni, Sólvallagötu 25, Reykjavík, kennitala 210460-3579, fyrir þjófnað með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 15. febrúar 1989, stolið sjónvarpstæki, plötuspilara og 4 kössum af ýmsu dóti, meðal annars bókum og stytum, í kjallara hússins nr. 10 við Ingólfsstræti í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákærana rétta.

Sakaferill ákærða er sem hér segir samkvæmt sakavottorði hans:

1978: Ákæruðrestun í 2 ár fyrir þjófnað.

1983: Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað.

1983: 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað.

1984: 2 mánaða fangelsi fyrir fíknilagabrot. Dómur Hæstaréttar í sama máli 4 mánaða fangelsi.

1984: 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.

1985: 45 daga fangelsi fyrir fíknilagabrot.

1985: Sakfelldur fyrir hlutdeild í þjófnaði, ekki gerð refsing.

1987: Mölndals tingsrátt í Svíþjóð, 2 ára fangelsi fyrir fíknilagabrot.

27/12 1988 var ákærða veitt reynslulausn úr fangelsi í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 240 dögum. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar hefur hann ekki afplánað eftirstöðvarnar.

Þá hefur ákærði samtals 5 sinnum sæst á sektargreiðslur vegna umferðar- og fíknilagabrota.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt miðvikudagsins 15. febrúar sl. var lögreglan kvödd að Þingholtsstræti 12. Þar var verið að bera varning út í leigubifreið og talið, að um þýfi væri að ræða. Lögreglan kom á staðinn og lagði þar hald á hljómf lutningstæki, stytur og gamlar bækur. Tveir menn voru við leigubifreiðina, en tóku báðir til fótanna, er lögreglan kom. Hún handtók þá báða skömmu síðar. Ákærði var annar, en hinn reyndist ekki við málið riðinn.

Athugun lögreglu leiddi í ljós, að í kjallara hússins nr. 10 við Ingólfsstræti var opin hurð, en ekki merki um innbrot. Þar voru sams konar hlutir og teknir höfðu verið í leigubifreiðinni. Við leit heima hjá ákærða afhenti hann lögreglu sjónvarpstæki, plötuspilara og óáteknar snældur, er hann kvaðst hafa stolið úr þessum sama kjallara nokkrum dögum áður. Engar bótakröfur eru gerðar, enda mun allt hafa komist til skila.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa farið inn í kjallara húss við Ingólfsstræti í febrúar sl. og stolið þaðan þeim hlutum, sem upp eru taldir í ákærunni. Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæruskjali og er þar rétt færður til refsíákvæðis.

Með þessum dómi ber samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga að taka upp og dæma með reynslulausnina, er ákærði fékk þann 27. desember sl. Refsing ákærða, ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, er hæfileg 9 mánaða fangelsi.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Einarsson, sæti fangelsi í 9 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
